

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi íbúðarhverfis í Norðurbæ vegna Garðavegar 15 í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 19. apríl 2005 breytingu á deiliskipulagi íbúðarhverfis í Norðurbæ vegna Garðavegar 15 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að lóðin við Garðaveg 15 stækkar í austurátt. Jafnframt breytist notkun hússins úr einbýlishúsi í tvíbýlishús. Farið var með breytinguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 17. maí 2005.*

**Bjarki Jóhannesson** sviðsstjóri.